

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
16-10-348	C.C.I.D.	DAKHLA		PP
16-10-355	Coquillages Dakhla	DAKHLA		PP

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. apríl 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

14. apríl 1999

Nr. 267

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Íþróttasjóð nr. 188/1999.

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar skal umsóknarfrestur á árinu 1999 miðast við 1. júní.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 14. apríl 1999.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

12. apríl 1999

Nr. 268

REGLUR

um Launasjóð fræðiritahöfunda.

1. gr.

Stofna skal Launasjóð fræðiritahöfunda. Tekjur sjóðsins eru:

1. Árleg fjárveiting eftir því sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
2. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

2. gr.

Meginhlutverk Launasjóðs fræðiritahöfunda er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi til eflingar íslenskri menningu.